

Miðvikudaginn 7. júní 1995.

Nr. 192/1995.

Protabú Sigurbjargar Gísladóttur

(Ólafur Björnsson hdl.)

gegn

Svani Jóhannssyni

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Málshöfðunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. júní sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðinn 17. maí 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að „úrskurður héraðsdómara verði ómerktur og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið“ og að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Samkvæmt gögnum málsins lauk kröfulýsingarfresti í þrotabúi Sigurbjargar Gísladóttur 7. desember 1992. Mál þetta er til riftunar á ráðstöfun þrotamannsins, sem forráðamönnum þrotabúsins var kunnugt um allt frá því í apríl 1992, og var það höfðað með birtingu héraðsdómsstefnu 10. júní 1993. Var þá liðinn sex mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem byrjaði, eins og atvikum er hér háttað, við lok kröfulýsingarfrests. Ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað geta ekki komið til endurskoðunar að kröfu varnaraðila, enda hefur hann ekki kært úrskurðinn fyrir sitt leyti. Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 17. maí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., hefur skiptastjóri í þb. Sigurbjargar Gísladóttur, kt. 150848-4159, Austurvegi 3, Selfossi, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 10. júní 1993, á hendur Svani Jóhannssyni, kt. 170744-8029, Kirkjuvegi 4, Ólafsfirði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að rift verði með dómi afsali Sigurbjargar Gísladóttur á sumarbústað ásamt leigulóðarréttindum í landi Beigalda, Borgarhreppi, dagsettu 25. júní 1990, en mótteknu til þinglýsingar 22. 4. 1992, og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 450.000 kr. auk dráttarvaxta frá 22. 4. 1992 til greiðsludags samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1988. Einnig er þess krafist, að leggja megi dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. 4. 1993. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum reikningi, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar [...].

Svo sem að framan er rakið, var Sigurbjörg Gísladóttir úrskurðuð gjaldþrota 27. apríl 1992 af skiptaráðandanum í Keflavík. Afsali því, sem krafist er riftunar á í máli þessu, var þinglýst í Borgarnesi 22. apríl 1992.

Sama dag og gjaldþrotaúrskurðurinn var kveðinn upp ritaði skiptaráðandinn í Keflavík skiptaráðandanum í Borgarnesi svofellt bréf:

„Hér með mótmælir skiptaráðandinn í Keflavík þinglýsingu á afsali á eign Sigurbjargar Gísladóttur, Lyngholti 19, Keflavík, kt. 150848-4159. Bú hennar var tekið til gjaldþrotaskipta 27. apríl 1992. Frestdagur er 29. október 1990.“

Samkvæmt þessu var skiptaráðandanum í Keflavík kunnugt um viðskipti þau, er nú er krafist riftunar á, þegar er gjaldþrotaúrskurðurinn var kveðinn upp, og byrjaði þá málshöfðunarfrestur samkvæmt 68. gr. laga nr. 6/1978 að líða.

Eins og að framan er rakið, var mál þetta fyrst höfðað með stefnu, birtri 10. júní 1993, og frestur til að höfða dómsmál til að koma fram riftuninni, samanber framangreinda 68. gr. laga nr. 6/1978, þá löngu liðinn.

Samkvæmt framansögðu ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
